

Nd.

46. Frumvarp til laga

[32. mál]

um framkvæmd á viðskiptasamningum við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands. undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949, kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkjagjaldreyris, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagnaður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara, sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 31. maí 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um framkvæmd viðskiptasamninga við Pólland, sem undirritaðir voru 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Bráðabirgðalög um þetta efni, sem sett voru 28. október 1949, hlutu ekki fullnaðarafgreiðslu á nýloknu þingi. Sökum þess að útflutningi til Pól-

lands samkvæmt samningum þessum var lokið áður en gengi íslenzkrar krónu var lækkað í marzmánuði s. l., en innflutningi ólokið enn þá, er enn óráðstafað talsverðum fjárhæðum, sem verja ber til vörukaupa í Póllandi. Til þess að raska ekki grundvelli viðskiptanna við Pólland og halda sölugengi dollars í viðskiptum við það land samkvæmt fyrrgreindum samningum óbreyttum, telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949 kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollars, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagnaður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara, sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.